

17. gr.

Á opinberum samkomum mega áhorfendur eða áheyrendur ekki trufla samkomuna með hávaða eða öðru ósæmilegu látbragði, svo aðrir geti ekki notið þess sem fram fer.

9

13. marz

18. gr.

Kvikmyndaleikhús má ekki starfrækja í kaптúninu.

19. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrst og fremst fyrir Ólafsfjarðarkauptún og fyrir aðra hluta Ólafsfjarðarhrepps að svo miklu leyti sem við á.

20. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara sem almenn lög-reglumál.

21. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000,00 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

Samþykkt þessi öðlast gildi 10. apríl 1933.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 13. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

um hleðslumerki skipa.

10

15. marz

Með því að Ísland hefir gengið að alþjóðasamþykkt, gerðri í London þann 5. júlí 1930, um hleðslumerki skipa, sem gekk í gildi 1. janúar þ. á., kunngerist hér með, að öll íslensk skip, sem eru í förum milli landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa alþjóða hleðslumerkjaskírteini samkvæmt tédri alþjóðasamþykkt.

Undanskilin þessum ákvæðum eru skip, sem eru undir 150 rúmlestum og skip, án tillits til stærðar, sem eingöngu eru notuð til fiskveiða, ennfremur skemmtiskip og skip, sem notuð eru í öðrum tilgangi en til flutnings á fólki og vörum.

Millilandaferð er talin ferð frá ríki, sem undirritað hefir greinda hleðslumerkjaskip, til hafnar í öðru ríki eða gagnkvæmt.

Gömul skip — þ. e. skip, sem kjölu er lagður að fyrir 1. júlí 1932 —, sem eru með hleðslumerkjum samkvæmt þágildandi ákvæðum, mega halda þeim.

- 10** Skip þessi verða þó að fullnægja hleðslumerkjasamþykktinni í aðalatriðum.
 15. marz Sama er um einstök atriði hennar eftir því sem telja má sanngjarnt og gjörlegt fyrir skipin að fullnægja þeim, með því fyrirkomulagi, áhöldum og útbúnaði, sem í skipunum er til þess að verja dyr og önnur op sjó, sem og um skjólborð og handrið, austurop og aðgang að hibýlum skipshafnar.

Í stað hleðslumerkjaskirteinis, sem áður hefir verið gefið út fyrir skip, skal útvega skipinu alþjóða hleðslumerkjaskirteini.

Alþjóða hleðslumerkjaskirteini fellur úr gildi:

- a. ef gerðar eru verulegar breytingar á bol skips eða reisu, sem hafa áhrif á útreikning hleðslumerkis.
- b. ef ekki er haldið við fyrirkomulagi og útbúnaði á:
 1. vernd opa fyrir sjógangi,
 2. skjólborðum og handriðum,
 3. austuropum og
 4. aðgangi að hibýlum skipverja,
 þannig, að þetta sé í fullnægjandi lagi, eins og þá er hleðslumerkjaskirteinið var gefið út.

Ráðuneytið hefir fyrst um sinn falið skipaeftirliti danska ríkisins að annast mælingu og merkingu þeirra skipa, sem samkvæmt nefndum samningi eiga að hafa hleðslumerki, svo og útgáfu alþjóða hleðslumerkjaskirteina handa þeim.

Beiðni um alþjóða hleðslumerkjaskirteini skal senda til „Statens Skibstilsyn“ í Kaupmannahöfn. Nú er skipið flokkað í einhverju af flokkunarfélögum

1. British Corporation Register of Shipping and Aircraft,
2. Bureau Veritas,
3. Germanischer Lloyd,
4. Lloyds Register of Shipping, eða
5. Det norske Veritas,

og má þá senda beiðnina til hlutaðeigandi flokkunarfélags með því að samkomulag er milli dönsku stjórnarinnar og nefndra flokkunarfélaga um þessi mál.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.